



MINNISBLAÐ

Sundhöll Reykjavíkur var tekin í notkun árið 1937. Lengst af var gestafjöldi laugarinnar rúmlega 100 þúsund gestir á ári og á árunum 1960 - 1980 þegar þrjár sundlaugar voru í Reykjavík var gestafjöldinn frá 170 þúsund upp í 220 þúsund á ári. Frá árinu 1981 þegar sundlaugarnar voru orðnar fjórar, hélst gestafjöldi í um 200 - 230 þúsund gesti á ári, en frá árinu 1994 þegar sundlaugarnar í Reykjavík voru orðnar fimm og síðar alls sjö, þá var gestafjöldinn í Sundhöll kominn niður í um 150 þúsund og síðasta heila árið fyrir stækkun 119 þúsund gestir árið 2016.

Frá opnun nýju útilaugarinnar í desember árið 2017 hefur aðsóknaraukning verið gríðarleg. Árið 2018 voru gestirnir 347.583 og árið 2019 voru þeir 347.629.

Fyrir opnun nýju laugarinnar með nýjum búningaklefa fyrir konur var hlutfall kvenna af heildargestafjölda það lægsta sem þekktist í sundlaugum borgarinnar. Helsta ástæðan var erfitt aðgengi frá anddyri að búningaklefa og frá búningaklefa að innilaug. En ganga þurfti um þrönga bratta stiga.

Allt frá því að nýr klefi fyrir konur var tekin í notkun í desember árið 2017, hefur hlutfall kvenna meðal gesta hækkað verulega. Alltaf stóð til að endurgera kvennaklefan í gömlu byggingunni eins og gert var á framkvæmdatímanum við karlaklefan. Nú er framkvæmdum við gamla kvennaklefan að verða lokið og vonir standa til að hægt verði að taka hann í notkun í byrjun næsta árs. Þetta er mun seinna en áætlanir stóðu til um og má rekja ástæðuna til þess að mjög erfitt var að fá aðföng erlendis frá, meðal annars flísarnar sem skipt var um og nýju blöndunartækin ásamt ýmsum öðrum endurbótum, en allt verkefnið var unnið undir eftirliti Minjaverndar.

Fyrri hluta dags meðan aðsókn er ekki eins mikil þá verður klefinn notaður fyrir skólasund og almenna notkun fyrir þær konur sem fara í sundleikfimi á morgnana í innilauginni og fyrir þær sem vilja vera nær innilauginni. Þær konur sem vilja vera á útisvæðinu geta notað nýja klefan ásamt útiklefanum sem er vel nýttur. Vonast er til að ekki þurfi að fjölga starfsfólki þó báðir klefar verði í notkun að hluta til á sama tíma. Þegar laugin hefur eftir covid náð fyrri aðsókn, eða um 350 þúsund gesti árlega, þá þarf að gera ráð fyrir að báðir klefar verða notaðir að staðaldri og þá þarf að koma til fjölgunar baðvarða á vakt.

Jafnframt framkvæmdum við gamla klefan er unnið að útfærslu með arkitektum nýju Sundhallararinnar, með hvaða hætti, hægt er að bæta aðgengi kvenna innandyra frá nýju klefunum að gömlu lauginni. Þetta verður m.a. gert með færslu á aðgangshliðum. Aðgangshliðin fara upp á jarðhæð í anddyri laugarinnar og verða sömu hlið þá fyrir karla og konur. Með þeirri breytingu geta konur í nýja klefanum farið um innandyra frá búningaklefa að innilaug.


Steinþór Einarsson
skrifstofustjóri rekstrar og þjónustu